Ed. **443. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um styrk handa stúdentaefnum frá gagnfræðaskólanum á Akureyri.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin er samþykk tillögunni á þskj. 248, að veita nemendum þeim, sem tillagan ræðir um, ferðastyrk báðar leiðir og einhvern hluta af dvalarkostnaði þeirra hjer, þar sem um efnalitla pilta er að ræða, og leggur því til, að tillagan verði samþykt.

Alþingi, 26. apríl 1927.

Ingibjörg H. Bjarnason, form. og frsm. Jónas Jónsson, fundaskrifari. Jóh. Jóhannesson.